

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, að fengnu samþykki lögreglu höfuðborgarsvæðisins og veghaldara, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að umferð vélknúinna ökutækja verði bönnuð á Kirkjustræti, milli Pósthússtrætis og Tjarnargötu, nema með leyfi skrifstofu Alþingis.
2. Að umferð vélknúinna ökutækja verði bönnuð í Templarasundi, norðan Kirkjutorgs, nema með leyfi skrifstofu Alþingis.  
Ofangreint verði merkt í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum. Jafnframt verði aðkomu að viðkomandi svæðum lokað með búnaði sem stýrt verði af skrifstofu Alþingis.
3. Að eftirfarandi götur verði göngugötur í samræmi við 10. gr. umferðarlaga nr. 77/2019:
  - a. Laugavegur, milli Frakkastígs og Klapparstígs.
  - b. Vatnsstígur, milli Laugavegar og Hverfisgötu.Fyrir þá sem eru undanþegnir banni við akstri á göngugötum verði:
  - c. Einungis heimilt að aka til vesturs á Laugavegi milli Frakkastígs og Klapparstígs.
  - d. Heimilt að aka í báðar áttir á Vatnsstíg milli Laugavegar og Hverfisgötu.
4. Undanþágu frá banni við akstri á göngugötusvæði vegna aksturs á:
  - a. Klapparstíg, yfir Laugaveg.
  - b. Bergstaðastræti, yfir Laugaveg að Smiðjustíg.
5. Að leyfilegur hámarkshraði á eftirfarandi götum verði 40 km/klst.
  - a. Snorrabraut, milli Burknagötu og Grettisgötu.
  - b. Fjallkonuvegi, milli Gullinbrúar og Frostafoldar.
  - c. Fjallkonuvegi, milli Jöklafoldar og Hallsvegur.
6. Að leyfilegur hámarkshraði á eftirfarandi götum verði 30 km/klst.
  - a. Snorrabraut, milli Grettisgötu og Sæbrautar.
  - b. Borgartúni, milli Snorrabrautar og Katrínartúns.
  - c. Nóatúni, milli Laugavegar og Borgartúns.
  - d. Engjateigi.
  - e. Langholtsvegi, milli Skeiðarvogs og Sæbrautar.
  - f. Álfheimum.
  - g. Holtavegi, milli Langholtsvegur og Sæbrautar.
  - h. Stjörnugróf.
  - i. Seljaskógum, milli Grófarsels og Hjallasels.
  - j. Bæjarbraut.
  - k. Rofabæ, milli Hraunbæjar og þrengingar austan Brúaráss.
  - l. Bjallavaði.
  - m. Ferjuvaði.
  - n. Völundarhúsum, milli Suðurhúsa og Gagnvegs til vesturs.
  - o. Langarima, milli Hallsvegur og Flétturima.
  - p. Mosavegi / Spöngin, milli Móavegar og Skólavegar.
  - q. Vegi norðan við Rauðavatn ásamt vegtengingu við Hádegismóa, merkt II gata og Aðalbraut.

Ofangreindar ráðstafanir verða merktar með viðeigandi umferðarmerkjum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

7. Að tvö stæði á Laugavegi næst Frakkastíg, við hús nr. 47-51 verði merkt sérstaklega fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra með síðari breytingum.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, 8. júlí 2021.*

**Glóey Helgudóttir Finnsdóttir** skrifstofustjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. júlí 2021